

## **Umsögn Ferðamálaráðs um Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða nr 75/2011 (hlutverk, framlag ríkissjóðs o.fl.).**

Ferðamálaráð fagnar í meiginatriðum inntaki frumvarpsins sem snýr að því að ferðamannastaðir í eigu hins opinbera eigi ekki lengur kost á því að sækja um framlög til sjóðsins enda hefur það skotið skökku við að sveitarfélög og einkaaðilar séu að keppa við ríkið um úthlutun fjármuna til uppbyggingar. Þau verkefni sem eru á höndum ríkis munu við gildistöku frumvarpsins falla inn í Landsáætlun ásamt skilgreindum verkefnum sveitarfélaga. Ráðið vill leggja áherslu á mikilvægi þess að fjármögnun bæði Framkvæmdasjóðsins og Landsáætlunar sé trygg til nokkurra ára í senn svo unnt verði að vinna að langtíma uppbyggingu viðkomustaða ferðamanna um land allt sem víða er orðin afar brýn.

Ráðið gerir eftirtaldar athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins.

### *1. grein*

Eins og fram hefur komið fagnar Ferðamálaráð því að ferðamannastaðir í eigu hins opinbera muni ekki eiga kost að sækja um styrki í Framkvæmdasjóðinn. Einnig fagnar ráðið því að einkaaðilum til jafns við sveitarfélög er nú gert kleift að sækja um styrk til uppbyggingar ferðamannastaða en styrkir til einkaaðila einskorðist ekki við lengur við öryggismál og náttúruvernd.

### *2. grein*

Ferðamálaráð gerir athugasemd við fækkun stjórnarmanna úr fjórum í þrjá. Framkvæmdasjóður Ferðamannastaða sýslar með umtalsverða fjármuni og er mikilvægt að vandað sé til verka við mat á umsóknum og úthlutanir. Jafnframt er mikilvægt að góð og breið samstaða sé um ákvarðanir stjórnar sjóðsins og að sem víðtækust sátt ríki um þau verkefni sem úhlutað er til. Einnig er mikilvægt að mikil og góð reynsla í ferðaþjónustu og uppbyggingu áfangastaða liggja að baki ákvörðunum um styrkveitingar. Framantöldu er erfitt að ná fram séu stjórnarmenn aðeins þrír.

Ráðið leggur því til að í stað þess að fækka um einn stjórnarmann til að fjöldi þeirra standi á oddatölu, verði fjölgað um einn, í fimm. Tveir stjórnarmenn tilnefndir frá Samtökum ferðaþjónustunnar, einn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og ráðherra ferðamála skipar tvo án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður.

### *3. grein*

Í frumvarpinu er kynnt talsverð breyting á mörkun tekna sjóðsins og lagt til að tenging sjóðsins við gistináttgjald verði felld á brott og fjármögnun hans háð ákvörðun þings á fjárlögum hverju sinni.

Ferðamálaráð leggur mikla áherslu á að fjármögnun sjóðsins, sem og landsáætlunar, sé skýr og ákvörðuð til nokkurra ára í senn.

Ráðið óttast að fjármagn til Framkvæmdasjóðsins sé ekki tryggt með þessu frumvarpi né heldur að hægt verði að gera ráð fyrir langtímafjármögnun verkefna þar sem hætt er við að ákvörðun um fjárveitingar séu aðeins skammtíma ákvarðanir Alþingis á hverjum tíma. Æskilegt væri að fastri upphæð á hverju ári væri úthlutað til bæði Landsáætlunar og Framkvæmdasjóðsins sem væri með einhverjum hætti bundin við fjölda ferðamanna inn í landið.

Ráðið óttast að verði tenging við ákveðna tekjustofna fjarlægð sé hætta á að fjármögnun sjóðsins sé bundin duttlungum þings hverju sinni og geti þannig hamlað uppbyggingu. Þróun ferðamannastaða um land allt land er alltof skammt á veg komin og ekki tækt að hætta sé á að uppbyggingin hægist enn frekar vegna ótryggrar fjármögnunar Framkvæmdasjóðsins.

Ráðið gerir ekki athugasemd við að rekstrarkostnaður sjóðsins sé tekinn af fjárheimildum hans svo fremi sem tillit sé til þess tekið við ákvörðun fjármagns sem sjóðnum er veitt.